

**8. Úttekt og samþykkt úðakerfis.**

Öll ný úðakerfi sem upp eru sett samkvæmt 3. kafla reglugerðar þessarar skulu tekin út og samþykkt. Leggja skal fyrir byggingarfulltrúa fullnaðaruppdrætti af kerfinu ásamt útreikningum og greinargerð um forsendur hönnunar.

Þegar lokið er við nýtt úðakerfi, breytingu á úðakerfi eða viðbót við úðakerfi í byggingu skal það tilkynnt byggingarfulltrúa og eftirfarandi skilyrði eru sett um samþykkt kerfisins:

- Að aðili sem öðlast hefur til þess sérstaka viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins annist úttekt á kerfinu.
- Að kerfið sé sett upp undir umsjón og á ábyrgð iðnmeistarara sem öðlast hefur sérstaka viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins til að setja upp sjálfvirk úðakerfi.
- Að fyrir liggji eftirlitssamningur við viðurkenndan þjónustuaðila. Sjá jafnframt 9. kafla reglugerðar þessarar.

Eftir lokaúttekt skal gefa út vottorð þess efnis að kerfið sé í samræmi við samþykktar teikningar og að það sé virkt og fullnægjandi fyrir viðkomandi áhættu og aðstæður. Eiganda úðakerfis ber að greiða allan nauðsynlegan kostnað við úttekt og samþykkt kerfisins.

**9. Eftirlit, prófun og viðhald.**

Eftirlit, prófun og viðhald úðakerfa skal vera í samræmi við reglur og leiðbeiningar um eftirlit, prófun og viðhald sjálfvirkra úðakerfa, sem Brunamálastofnun ríkisins gefur út.

Hönnuður úðakerfis skal gæta þess sérstaklega að umbúnaður og aðstaða til prófunar á virkni kerfis sé fullnægjandi og í samræmi við fyrirmæli Brunamálastofnunar ríkisins á hverjum tíma.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Sesselja Árnadóttir.*

**REGLUR****um barnamenningsjóð.**

## 1. gr.

Stofna skal barnamenningsjóð. Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt framlag frá menntamálaráðuneytinu, innan marka fjárlagaheimilda.
2. Aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að hlotnast.

## 2. gr.

Meginhlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði barnamenningar. Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna.

## 3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til tveggja ára í senn. Skal einn tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, einn af Bandalagi íslenskra listamanna, einn af Æskulýðsráði ríkisins og tveir skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formanna og varaforman úr hópi stjórnarmanna.

## 4. gr.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til einstaklinga og félagasamtaka. Auglýsa skal eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum einu sinni á ári.

## 5. gr.

Heimilt er að veita styrki til námskeiða- og ráðstefnuhalds ef viðfangsefni þeirra rúmast innan meginmarkmiða sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimilt að standa fyrir námskeiðum, ráðstefnum og kynningarstarfsemi og skal kostnaður þá greiddur úr sjóðnum.

## 6. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar fjórum árum eftir gildistöku þeirra.  
Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 2. maí 1994.*

**Ólafur G. Einarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Árni Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 6. maí 1994 staðfest aðalskipulag Mosfellsbæjar 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Staðfesting þessi tekur ekki til lögsögumarka sveitarfélagsins.

Jafnframt er uppdráttur af aðalskipulagi Mosfellsshrepps, sem staðfestur var 28. september 1983 felldur úr gildi.

*Umhverfissráðuneytið, 6. maí 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*